

Hafnarfirði 19. október 2012

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Á síðasta aðalfundi Félags grunnskólakennara í Hafnarfirði (FGH) komu fram mótmæli félagsmanna vegna þess að störf matráða í öllum grunnskólum bæjarins hafa verið lögð niður. Starfsfólk skólanna gefst ekki lengur kostur á njóta starfskrafa þeirra eða þjónustu.

Umræður sköpuðust einnig um að starfsfólk bæjarins væri mismunað. Á meðan sumir fái niðurgreiddan mat á veitingastöðum megi aðrir gera sér að góðu upphitaðan skólamat sem greiddur er fullu verði. Kennrarar voru ósáttir við að þeim stæði ekki til boða að kaupa sér máltíð á veitingastöðum á sömu kjörum og annað starfsfólk bæjarins.

Í kjölfarið sendi stjórn félagsins bréf til fræðsluráðs, dagsettu 25. nóvember 2011, komu þar fram umkvartanir frá grunnskólakennurum í Hafnarfirði vegna þessa.

Sú breyting varð á að starfsfólk bæjarskrifstofunnar borðar ekki lengur á veitingastöðum í hádeginu en síðferðið er engu að síður ennþá tvöfalt. Starfsfólk skrifstofunnar hefur sér matsedið hjá Skólamat. Sá matsedið er tvíréttadur alla daga (súpa og aðalréttur) og mun fjölbreyttari en sá sem stendur kennurum til boða úti í skólunum og er eldaður með smekk og bragðlauka barna í huga. Sem dæmi má nefna að á meðan skrifstofufólk ið fékk ávaxtafylltan lambaframpart með sætkartöflusós og súpu máttu kennrarar gera sér að góðu skólabjúgu með pakkamús.

Kennarastarfið er erilsamt og veldur oft miklu álagi. Í dag er staðan þannig í flestum skólum að kennrarar þurfa að standa í biðröðum í matsal nemenda til að sækja mat sinn. Hjá flestum er hádegishlíðið aðeins 30 mínútur. Það fer oft einhver tímí í að sinna nemendamálum þegar beðið er í þessum biðröðum. Í sumum skólum mega kennrar fara fram fyrir nemendur til að sækja sér matinn, en þykir það óþægilegt og ekki sýna gott fordæmi. Flestir eru þess vegna með nesti. Margir velja að borða skyrið sitt við kennaraborðið og nýta tímann í annað.

Hádegishlíðið er mikilvægur vettvangur félagslifs og stuðlar að liðsheimild á hverjum vinnustað. Þar hittist fólk, á skoðanaskipti og þjappar sér saman. Við í stjórn FGH finnum fyrir vaxandi óánægju á kennarastofum bæjarins. Grunnnparfir skipta miklu máli þegar kemur að líðan starfsfólk. Með góða magafylli er líklegra að umræður á kennarastofunni verði jákvæðar. Ástandið kemur niður á félagslifi kennara, hefur margbætt áhrif á vinnustaðamóralinn og líðan kennara í starfi.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	19.10.2012
Málsnr:	1310430
Bréfsl:	222

Í framhaldi af þessu viljum við einnig taka fram að máltíðirnar eru seldar of dýrt til kennara. Samkvæmt kjarasamningi KÍ skulu starfsmenn greiða Kr. 552,40 fyrir hverja máltíð þar sem vísitalan var 198,23 þann 1. janúar 2012. Verð á máltíð hjá Skólamat er hinsvegar 650 krónur.

Við leggjum fram þá ósk að kennrarar fái að sitja við sama borð og annað starfsfólk bæjarins. Að þeim gefist kostur á að kaupa sama mat, á réttu verði og fái hann afgreiddan inn á kennarastofur skólanna.

Með vinsemdu og virðingu

Stjórn Félags grunnskólakennara í Hafnarfirði

Elin Gísladóttir , Áslandskóli  
Guðrún Brynja Rúnarsdóttir, Hraunvallaskóli  
Gunnur Baldursdóttir, Hvaleyrarskóli  
Margrét Þórisdóttir, Lækjarskóli  
Eyrún Baldvinsdóttir, Setbergsskóli  
Lára Fleckenstein, Vífðistaðaskóli  
Anna Lára Pálsdóttir, Öldutúnsskóli